

# RAFIDNADARSAMBAND ÍSLANDS

## 40. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 29 ÁGÚST 2014.

### FUNDARGERÐ.

#### Mæting:

Ómar Baldursson, Guðrún S Borgþórsdóttir, Grétar Guðmundsson, Eva Katrín Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Júlía Björk Þórðardóttir, Sighvatur D Sighvatz, Þórunn S Jónsdóttir, Andri Jóhannesson, Jakob Tryggvason, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Kristján Þ Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson, Jón Ingi Skúlason.

Forföll: Bára Halldórsdóttir, Jón Óskar Gunnlaugsson, Eyjólfur Ólafsson.

#### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Kjarasamningar/Forseti ASÍ
3. Skipulagsmál RSÍ
4. Tekjuuppgjör janúar-júli 2014
5. Fjárfestingarkostir
6. Orlofshúsamál
7. NBTF ungliðafundur á Íslandi
8. Styrktarbeiðni ÍSTV
9. Önnur mál

#### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

#### 2. Kjarasamningar/Forseti ASÍ.

Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ kom á fundinn og ræddi kjaramál og stöðuna framundan, eins hvernig tiltekist hefði með síðustu kjarasamningagerð. Fram kom að mikillar óánægju gætti meðal félagsmanna með síðasta kjarasamning, en þar var lögð áhersla á aukinn kaupmátt í stað launahækkkana. Síðar kom í ljós að aðrir launþegahópar fóru langt fram úr þeim væningum sem gerðar hefðu verið og því fór sem fór.

Við gerð næstu kjarasamninga er ljóst, að það þýðir ekki að bjóða uppá orðið „stöðugleiki“ því félagsmenn munu alfarið hafna því, og vilja í staðinn launahækkanir til jafns við aðra launþegahópa.

Gylfi sagði einnig, að samningaviðræður við SA muni ekki ganga upp í rökræðu, aðgerðir verða að koma til svo menn skilji alvarleika málsins.

Mikil undirliggjandi reiði er meðal félagsmanna innan ASÍ, sem fannst þeir verða sviknir við síðustu kjarasamningsgerð.

Spurt var hvort verkfallaágerðir væru eina leiðin til að ná fram kjaraleiðréttingu?

Ýmsar leiðir voru ræddar varðandi gerð næstu kjarasamning og farið yfir danska módelið og hverning þeir standa að gerð kjarasamninga og afgreiðslu þeirra.

18 júní sl var lögð fram kröfugerð og viðræðuáætlun vegna nýrra samninga en lítil sem engin viðbrögð hafa komið fram að hálfu SA.

Þá er eins og ríkisstjórnin gefi launafólki langt nef, því engar viðræður né samráð hefur verið milli aðila, þ.e. ríkisstjórnar og ASÍ við gerð nýs fjárlagafrumvarps sem lagt verður fram fyrir alþingi í byrjun september.

Rætt var hvort RSÍ ætti samleið með ASÍ vegna þeirrar samningsgerðar sem í hönd færi eða hvort við ættum frekar að fara okkar eigin leiðir og fara frekar fram með öðrum iðnaðarmannahópum.

Ræða þarf við félagsmenn og fá fram skýr svör og vilja þeirra sem allra fyrst.

Ákveðið hefur verið að funda með samninganefndum nú í september til að fara yfir stöðuna og samstillta hópana.

### **3. Skipulagsmál RSÍ.**

Undanfarið hefur verið unnið að því, að koma á fót því skipulagi sem samþykkt var í miðstjórn á síðasta ári svonefndum „teymum“. í framkvæmd.

Birna og Svava eru báðar hættar og búið er að ráða í starf Birnu. Starf Svövu hefur ekki verið auglýst.

Rætt var, hvort rétt væri að ráða skrifstofustjóra til starfa sem hefði yfirumsjón með skrifstofu og starfsfólki þar.

Miðstjórn samþykkti fyrir sitt leyti að auglýst yrði eftir skrifstofustjóra.

Samhliða þessu öllu, er nauðsynlegt að skoða fjárhagsstöðu RSÍ, með það í huga að nýtt stöðugildi rúmaðist innan ramma „fjárlaga“ RSÍ.

### **4. Tekjuuppgjör janúar-júlí 2014.**

7,67% tekjuaukning er hjá RSÍ fyrstu 7 mánuði ársins. Mesta tekjuaukningin er hjá Félagi tæknifólks eða 13,65% og heldur minni hjá öðrum aðildarfélögum. Félag sýningarmanna er eina félagið þar sem tekjur hafa dregist saman um 4,31%. Skráðir félagsmenn innan RSÍ eru um 5000.

## 5. Fjárfestingarkostir-Lausafjárvöxtun VÍB.

Fulltrúar frá VÍB hafa komið til fundar við formann og starfsmann RSÍ og kynnt fyrir þeim fjárfestingakosti VÍB með ávöxtun á eigasafni RSÍ í huga.

Ef eignasafnið er um 40 milljónir má vænta 5,29% ávöxtunar, en ef um 60 milljónir er að ræða þá má vænta 5,34% ávöxtun (söguleg ávöxtun sem segir þó lítið um framtíðina).

Formanni og gjaldkera veitt heimild til að skoða þessa fjárfestingakosti, með það í huga að varðveita lausafé og fá fram bestu fjárfestingakosti fyrir RSÍ

## 6. Orlofshúsamál.

Samþykkt var í miðstjórn í vor/sumar að ráðast í framkvæmdir við veginn að Skógarnesi sem talinn var að mestu, eða öllu leiti ófær, og áttu framkvæmdir að hefjast í byrjun ágúst.

Verktakinn sem tók að sér verkið hefur á hinn bóginn ekki sést enn og er mönnum farið að lengja eftir að framkvæmdir hefjist.

Samþykkt að selja 4 elstu tjaldvagnana og kaupa 2 nýja á næsta ári. Ágæt nýting var á vögnunum í sumar.

Undir þessum lið var fjölskylduhátiðin rædd og skipst á skoðunum um hvað betur hefði mátt fara, svo hægt væri að lagfæra það fyrir næstu hátíð.

## 7. Ungliðafundur NBTF.

Fundurinn verður haldinn að Skógarnesi dagana 25-28 september n.k.

3 fulltrúar eru frá Íslandi og er Svanborg Hilmarsdóttir í forsvari fyrir okkar hóp.

## 8. Styrkbeiðni ISTV.

Sjónvarpsstöðin ISTV hefur óskað eftir styrk frá RSÍ til útsendingar á þáttum stöðvarinnar. Ekki er farið framá ákveðna styrkuppþæð, aðeins frjáls framlög. Styrkbeiðninni hafnað.

## 9. Önnur mál.

Samþykkt að halda áfram með launakönnun sem framkvæmd hefur verið nokkur undanfarin á. Könnunin hefur veitt félagsmönnum innsýn í bæði launaskrið og hvað verið sé að greiða í laun í hinum ýmsu landshlutum og margt annað.

Samþykkt að fá tilboð frá Capacent í að framkvæma könnunina.

Lampi sem var yfir fundarborði miðstjórnar hrundi niður þegar vórar sem héldu honum uppi slitnuðu. Búið er að fá tilboð í nýja lampa en hugmyndir voru uppi um að breyta lýsingu. Verður unnið að þessu og komið í framkvæmd eins fljótt og auðið er. Samhliða þessu verði settur upp fjarfundarbúnaður með skjávarpa og tilheyrandi búnaði. Um tryggingamál er að ræða að hluta til a.m.k..

Ákveðið hefur verið að færa miðstjórnarfundi fram um eina klukkustund og hér eftir byrja þeir kl. 13.00 í stað 14.00

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 16.45.

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.